

Reykjavík 11. febrúar 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls). Þskj. 370 — 323. mál

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna því að lagt hafi verið fram frumvarp til endurskoðunar á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum. Samtökin taka undir þær áherslur að ávallt skuli hafa það sem börnum er fyrir bestu að leiðarljósi við ákvarðanir sem varða börn. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga allar ráðstafanir yfirvalda er varða börn að vera byggðar á því sem börnum er fyrir bestu. Í Sáttmálanum segir jafnframt að tryggja eigi að börn verði ekki aðskilin frá foreldrum sínum nema ef velferð þeirra verði ekki tryggð með öðru móti og að það barn sem ekki elst upp hjá báðum foreldrum sínum eigi rétt á að umgangast þá báða reglulega nema það sé andstætt hagsmunum þess.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja jafnframt mjög mikilvægt að tekið sé mið af vilja og óska barna við allar ákvarðanir um forsjá og umgengni, í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Þar sem í íslensku merkir orðið maður bæði kona og karl leggja samtökin til að 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo: Stefnandi faðernismáls getur verið barnið sjálft, móðir þess eða karlmaður sem telur sig föður barns.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna því þeirri breytingu að karlmaður sem telur sig föður barns hafi rétt á að höfða faðernismál þrátt fyrir að barnið sé feðrað. Ef rétt reynist, er það réttur barnsins að umgangast sinn rétta föður.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri